


Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra
Ársskýrsla 2015



Starfsmenn SSNV 2015



Bergur Elías Ágústsson
framkvæmdastjóri - hætti á árinu



Björn Líndal Traustason
framkvæmdastjóri



Katharina Ruppel
skrifstofu- og bókhaldsstörf



Davíð Jóhannsson
atvinnuráðgjafi/ferðamál



Hildur Þóra Magnúsdóttir
atvinnuráðgjafi - hætti á árinu



Ingibergur Guðmundsson
atvinnuráðgjafi



Sólveig Olga Sigurðardóttir
atvinnuráðgjafi



Sveinbjörg Rut Pétursdóttir
atvinnuráðgjafi

Þakkir til þeirra sem lögðu til myndir

Sími: 455-2510 | www.ssnv.is | ssnv@ssnv.is |



Stjórn SSNV 2014-2016

Stjórn SSNV

Adolf H. Berndsen

Sigríður Svavarsdóttir

Stefán Vagn Stefánsson

Unnur Valborg Hilmarsdóttir

Valgarður Hilmarsson

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar	5
Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2015-2019	6
SSNV atvinnuþróun	10
Menningarráð Norðurlands vestra	11
Almenningssamgöngur	12
Samstarf á vettvangi ferðaþjónustunnar	13
Sveitarstjórnarvettvangur EFTA	14
Árþing SSNV	15
Greinargerð úthlutunarnefndar	16
Ársreikningur 2015	19



Ljós.: Róbert Daníel Jónsson

Skýrsla stjórnar fyrir árið 2015

Árið 2015 var að mörgu leyti viðburðaríkt í starfi SSNV. Atvinnumál og byggðapróun voru ofarlega á baugi, samningur var gerður við ríkisvaldið um Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2015-2019, framkvæmdastjórar komu og fóru, almenningsamgöngur voru til umræðu, auk ýmissa annarra málaflokka og viðfangsefna.

Í þessum fjölbreyttu viðfangsefnum er hlutverk samtakanna ávallt það sama, að gæta hagsmuna svæðisins alls og auka samstarf innan þess.

Þann 10. febrúar 2015 var skrifað undir samning um Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2015-2019 milli SSNV og ríkisins en um áramótin 2014-2015 lauk menningar- og vaxtarsamningum og fyrri sóknaráætlunarsamningi. Þá var Menningarráð Norðurlands vestra lagt niður frá og með áramótum 2015/2016. Nánar er fjallað um þennan þátt síðar í ársskýrslunni.

Atvinnumál voru sem fyrr veigamikill þáttur í starfi samtakanna og bar þar e.t.v. hæst umræða um iðnaðaruppbyggingu á Hafurstöðum í Skagabyggð.

Þann 1. janúar 2015 tók Bergur Elías Ágústsson við starfi framkvæmdastjóra SSNV. Hann hætti störfum að eigin ósk þann 1. september. Stjórn SSNV réð þá Sólveigu Olgu Sigurðardóttur og Ingiberg Guðmundsson, starfsmenn SSNV, til að sinna daglegri stjórnun samtakanna tímabundið og gegndu þau störfum þar til nýr framkvæmdastjóri, Björn Líndal Traustason, tók til starfa í byrjun desember.

Stjórn SSNV hélt alls 11 fundi á árinu 2015. Fundargerðir stjórnarinnar er að finna á heimasíðu SSNV.



Ljós.: Róbert Daníel Jónsson

Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2015-2019

Seinni hluta árs 2014 var ljóst að ríkisvaldið vildi leggja niður menningar- og vaxtarsamninga við landshlutana og gera einn samning við hvern landshluta – Sóknaráætlun landshlutans – þar sem þessir tveir samningar, ásamt fleiri þáttum, voru felldir inn í sóknaráætlunina.

Af hálfu ríkisins var sama ár settur á fót svokallaður „Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál“ sem í voru fulltrúar allra ráðuneyta. Nokkrir viðræðufundir voru haldnir seinni hluta árs 2014 milli stýrihópsins og fulltrúa landshlutanna þar sem efni nýs samnings var rætt. Ljóst var að ekki voru allir sáttir við þessa breytingu og innihald nýs samnings og fjármagn og urðu nokkur skoðanaskipti þar um milli fulltrúa landshlutanna og stýrihópsins.

Að lokum var höggvið á hnútinn og skrifað undir samning um Sóknaráætlun hvers landshluta 10. febrúar 2015 í Reykjavík. Samningurinn gildir árin 2015-2019.

Markmið Sóknaráætlunar Norðurlands vestra

Samkvæmt 1. grein samningsins er markmið hans: „að stuðla að jákvæðri samfélagsþróun, treysta stöðir menningar og auka samkeppnishæfni landshlutans og landsins alls. Markmiðið er jafnframt að einfalda samskipti ríkis og sveitarfélaga og tryggja gagnsæi við úthlutun og umsýslu opinberra fjármuna“.

Sóknaráætlun Norðurlands vestra

Í 2. gr. samningsins er kveðið á um að gerð sé sóknaráætlun til 5 ára sem sé jafnframt þróunaráætlun landshlutans.

Áætlunin skal ná til fjögurra efnisflokka; a) menningarmála, b) nýsköpunar og atvinnuþróunar, c) uppbyggingu mannauðs og d) lýðfræðilegrar þróunar svæðisins. Sóknaráætlunin skal í það minnsta byggja á: a) greiningu á stöðu svæðisins, b) stefnumótandi áherslum Samráðsvettvangs og c) svæðisskipulagi þar sem það liggur fyrir.



Ljós.: Evelyn Ýr Kuhne

Í tengslum við gerð Sóknaráætlunarinnar skal skipa Samráðsvettvang Norðurlands vestra með sem breiðustum aðgangi heimamanna og skal vettvangurinn koma að gerð Sóknaráætlunarinnar og funda jafnframt a.m.k. árlega um áherslur hans.

Segja má að Sóknaráætluninni sé skipt í þrennt: a) Sóknaráætlun landshlutans er samin, b) stofnaður er Uppbyggingarsjóður Norðurlands vestra sem hefur svipað hlutverk og fyrrum menningar- og vaxtarsamningar, þ.e. að útteila styrkjum til verkefna á sviði menningar og atvinnuþróunar og nýsköpunar og c) unnin eru svokölluð Áhersluverkefni sem hafa „beina skírskotun til sóknaráætlunar landshlutans og áherslna samráðsvettvangsins“.

Fjármagn

Í samningi ríkisvaldsins og SSNV um sóknaráætlun Norðurlands vestra var fjármagn til samningsins skert nokkuð frá fyrri árum. Samkvæmt samningnum er fjármagn til samningsins árið 2015 sem hér segir: a) atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti 39.405.057 kr. b) mennta- og menningarmálaráðuneyti 22.513.845 kr. c) sveitarfélög á Norðurlandi vestra 7.419.000 kr. Alls eru þetta 69.337.902 kr.

Skipting fjármagns, skipun í nefnd og fagrád

Að lokinni undirritun samningsins hófst vinna við framkvæmd hans. Stjórn SSNV ákvað á fundi sínum, 17. febrúar 2015, að skipting fjármagns árið 2015 yrði sem hér segir: a) Uppbyggingarsjóður 60 milljónir, sem skiptist jafnt milli menningarmála og atvinnuþróunar og nýsköpunar, og b) Áhersluverkefni 10 milljónir.

Á fundi stjórnar SSNV, 31. mars 2015, skipaði stjórnin svo fulltrúa í úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs (5 manns), fagrád menningar (5 manns) og fagrád atvinnuþróunar og nýsköpunar (5 manns). Formaður úthlutunarnefndar var skipaður Stefán Vagn Stefánsson.

Á 23. ársþingi SSNV, 16. okt. 2015, var svo kosið aftur í fagrád og úthlutunarnefnd sjóðsins til eins árs.



Ljós.: James Kennedy, Árni Geir Ingvarsson og Þórunn Ragnarsdóttir

Uppbyggingarsjóður Norðurlands vestra

Undirbúningur styrkveitinga sjóðsins hófst strax og undirritun samnings var lokið. Endurskoða þurfti úthlutunarreglur og samræma eyðublöð og stóð um tíma í þefi við fulltrúa í stýrihópnum um innihaldið en úthlutunarreglur þurfa staðfestingu stýrihóps Stjórnarráðsins. Af þeim sökum tafðist úthlutunarferli Uppbyggingasjóðs nokkuð.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar Úthlutunarnefndar um framkvæmdina.

Vinna við gerð Sóknaráætlunar Norðurlands vestra 2015-2019

Í maí 2015 hófst undirbúningur að gerð Sóknaráætlunar landshlutans. Sveitarstjórnnum var falið að skipa fulltrúa í 32 manna samráðsveitvang. Þann 10. júní var haldinn fundur í Varmahlíð þar sem mættu alls um 60 einstaklingar af Norðurlandi vestra, þ. á m. fulltrúar í samráðsveitvangi. Þar var lagður grunnur að sóknaráætlun landshlutans.

Þann 30. júní 2015 samþykkti stjórn SSNV svo Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2015-2019. Sóknaráætlunin var síðan staðfest af stýrihópi Stjórnarráðsins 7. október 2015.

Sóknaráætlun Norðurlands vestra er alls 10 bls. en henni fylgja einnig Stöðugreining 2014 og Menningarstefna sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra.

Áhersluverkefni 2015

Sökum þess hve langt var liðið á árið var ákveðið að áhersluverkefni 2015 yrði aðeins eitt: „Að styrkja starfsemi frumkvöðla og sprotafyrirtækja á Norðurlandi vestra með auknu átaki í markaðssetningu á vörum þeirra og þjónustu.“ Samþykkti stjórn tillögu um þetta áhersluverkefni 30. sept. 2015 og var það staðfest af stýrihópi Stjórnarráðsins 7. okt. 2015.

Fjárveiting til verkefnisins var sem fyrr segir 10 milljónir kr.

Eftir að verkefnið hafði verið samþykkt var unnið áfram að undirbúningi þess en framkvæmd verkefnisins hófst ekki fyrr en á þessu ári, 2016 og verður því ekki greint nánar frá því hér.



Ljós.: Af vef: skrautmen.is, fjallagros.is, nordanatt.is og Vilko

Starfsmenn og stjórn SSNV

Jafn viðamiklar breytingar, eins og hér hefur verið lýst að ofan, krefjast verulegar mikillar vinnu allra þeirra sem aðkomu eiga að málinu. Á árinu 2015 fór drjúgur tími starfsmanna SSNV í undirbúning og framkvæmd þessarar nýju sóknaráætlunar; undirbúning samnings, gerð úthlutunarreglna, framkvæmd úthlutunar, samningagerð við styrkhafa og eftirfylgni, undirbúning og gerð sjálfrar sóknaráætlunarinnar og undirbúning og gerð áhersluverkefnis. Sama má segja um stjórn SSNV en öll ábyrgð á framkvæmd þessa verkefnis var í hennar höndum.

Að lokum

Samningurinn um Sóknaráætlun Norðurlands vestra sleit barnsskónum á árinu 2015. Samningurinn er til fimm ára og það skapar möguleika á stefnumótun SSNV og sveitarfélaganna til lengri tíma en áður hefur verið. Margt í þessum samningi er jákvætt og markviss stefnumörkun mikilvæg. Hins vegar verða að koma til verulega auknir fjármunir inn í þennan samning til þess að hann verði að öflugtu tæki heimamanna til uppbyggingar og eflingar búsetu á svæðinu. Ef það gerist ekki þá mun tiltrú heimamanna á þetta verkfæri seint koma til og samningurinn verða enn einu sinni miklar umbúðir um innantóm loforð. Framtíðin mun skera úr um þetta mál.



Ljósm.: Evelyn Ýr Kuhne


SSNV atvinnuþróun

Eitt af þremur aðalhlutverkum SSNV er að sinna atvinnuþróun og ráðgjöf. Starfið miðar að því að þjónusta einstaklinga og fyrirtæki á Norðurlandi vestra við þróun viðskiptahugmynda, stofnun fyrirtækja, rekstrarráðgjöf og markaðssetningu.

Öft á tíðum skarast verkefni tengd SSNV atvinnuþróun við verkefni sóknaráætlunar að því leyti að verkefni sóknaráætlunar eru að verulegu leyti atvinnuþróun/ráðgjöf. Algengt er að um sömu viðskiptavinum sé að ræða og gjarnan með sama verkefnið. Þess má geta að á árinu 2015 úthlutaði Uppbyggingarsjóður sóknaráætlunar um 82% af þeim fjármunum, sem hann hafði til ráðstöfunar, til atvinnutengdra verkefna.

Starfsfólk SSNV atvinnuþróunar hefur annast framkvæmd Uppbyggingarsjóðsins og því til viðbótar fer drjúgur hluti vinnutíma atvinnuráðgjafa í ráðgjöf og aðstoð við gerð umsókna og einnig áframhaldandi aðstoð við verkefni að lokinni styrkveitingu. Einnig aðstoða atvinnuráðgjafar við umsóknir og áætlanagerð vegna umsókna í aðra sjóði eða önnur stuðningsúræði almennt.

Verkefnin eru afar fjölbreytt og myndin hér til hliðar sýnir skiptingu verkefnanna í stærstu flokkana. Enn eykst hlutur ferðapjónustunnar, var 48% á árinu 2014 en tekur stökk upp í 61% á árinu 2015.





Ljósma.: Laufey Haraldsdóttir

Menningarráð Norðurlands vestra

Svo sem fram hefur komið hér á undan þá voru menningarsamningar landshlutanna við ríkið ekki endurnýjaðir í lok árs 2014. Þar með féll einnig niður stór hluti af starfsemi menningarráðsins.

Í upphafi árs 2015 kom ráðið þó að undirbúningi Sóknaráætlunar 2015, einn fundur var haldinn í febrúar 2015 og er fundargerð að finna á heimasíðu SSNV.

Á 23. ársþingi SSNV, 16. október 2015, var samþykkt að leggja niður starfsemi Menningarráðs Norðurlands vestra og skipan fulltrúa í ráðið frá og með áramótum 2015/2016. Einnig voru felldar úr gildi samþykktir fyrir ráðið og þeir fjármunir, sem eftir voru í sjóði menningarráðs um áramótin 2015/2016, fluttir yfir til menningarhluta Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra.

Menningarráð Norðurlands vestra var kosið í fyrsta sinn á 12. ársþingi SSNV, 28. ágúst 2004. Fyrsti menningarsamningurinn við ríkið var gerður árið 2007 og sama ár úthlutaði ráðið styrkjum í fyrsta sinn. Að öðru leyti vísast til ítarlegrar greinargerðar um starfsemi ráðsins sem birtist í ársskýrslu SSNV fyrir árið 2014.



Ljósmynd: Af vef akureyri.is

Almenningssamgöngur

Frá árinu 2011 hefur SSNV haldið utan um almenningssamgöngur á Norðurlandi vestra. Með samningi við Vega-gerðina tók SSNV yfir rekstur þess hluta leiðarinnar frá Reykjavík til Akureyrar (leið 57) sem heyrir til Norðurlandi vestra. Auk þessarar leiðar hefur SSNV með höndum þær leiðir sem fæða leið 57 en þær eru frá Hvammstanga að Norðurbraut, frá Skagaströnd að Blönduósi og frá Hofsósi að Hólum og á Sauðárkrók. Farþegar sem vilja nýta sér þær leiðir sem fæða leið 57 þurfa að panta þjónustuna fyrirfram.

Samstarf hefur verið um rekstur leiðar 57 milli SSNV, Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) og Fjórðungs-sambands Vestfirðinga (FV) og hefur SSV haft umsýslu og uppgjör leiðar 57 á höndum en SSNV hefur séð um hinar leiðirnar. Unnið hefur verið að því að færa rekstur almenningssamgangna á Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra inni sérstakt félag og hefur fengist samþykki fyrir því hjá verkkaupa, Vegagerðinni.

Ljóst er að hér er um mikilvæga þjónustu að ræða sem íbúar hafa nýtt ágætlega. Farþegafjöldi og afkoma almenningssamgangna hefur þó ekki verið með þeim hætti sem gert var ráð fyrir í upphafi. Er því er helst um að kenna að sérleyfi það sem samningurinn byggir m.a. á hefur ekki haldið en það virðast ekki vera nein viðurlög við því að aðrir aðilar í farþegaflutningum keyri ofan í okkar sérleiðir á háannatíma. Það leiðir auðvitað til þess að farþegum fækkar og verð á leiðinni verður hærra en það þyrfti ella að vera.

Um nokkurt skeið hefur legið fyrir frumvarp til laga um fólksflutninga í atvinnuskyni en það hefur ekki enn hlotið afgreiðslu á Alþingi. Það frumvarp, ef það yrði að lögum, myndi tryggja rekstrargrunn almenningssamgangna betur en nú er gert og yrði þá möguleiki á því að þróa betur almenningssamgöngurnar innan landshlutans.

Almenningssamgöngur eru íbúum Norðurlands vestra mikilvægar enda hefur þjónustan verið vel nýtt og til mikilla hagsbóta fyrir íbúa landshlutans og bætt þar búsetuskilyrði. Það er því afar mikilvægt að tryggja almenningssamgöngur í sessi og að haldið verði áfram að þróa og bæta kerfið.



Ljós.: Róbert Daníel Jónsson

Samstarf á vettvangi ferðaþjónustunnar

Á árinu var haldið áfram með samstarfsvettvang ferðaþjónustunnar á Norðurlandi, sem settur var á laggimar árið 2014. Hér leggur SSNV til atvinnuráðgjafa með áherslu á ferðamál og starfar hann undir fagráði ferðaþjónustunnar, sem í sitja fulltrúar ferðamálafélaganna í Húnaþingi vestra, Austur-Húnavatnssýslu og Skagafirði.

Síðsumars tók Davíð Jóhannsson við starfinu af Hildi Þóru Magnúsdóttur.

Markmið verkefnisins eru eftirfarandi;

- að skapa virkari og öflugri samstarfsvettvang í ferðaþjónustu á Norðurlandi vestra,
- að skjóta sterkari stöðum undir afkomu og rekstur ferðaþjónustufyrirtækja á Norðurlandi vestra,
- að greina og kortleggja ímynd, vöruframboð og stöðu greinarinnar í landshlutanum í því skyni að leggja grunn að áframhaldandi uppbyggingu og vexti ferðaþjónustu á Norðurlandi vestra,
- að styðja við vörupróun og markaðs- og kynningarstarf ferðaþjónustufyrirtækja í því skyni að það verði faglegra og árangursríkara.

Ráðgjafinn kemur einnig að einstökum samstarfsverkefnum, sem sprottin eru á öðrum vettvangi auk þess og virkar sem tengiliður á milli sveitastjórna, stjórnsýslunnar og greinarinnar sjálfrar. Ljóst er að með hinum nýja Vegvísi í ferðaþjónustu, sem ráðherra ferðamála og Samtök ferðaþjónustunnar kynntu í október 2015, munu ný tækifæri og nýjar áskoranir lífa dagsins ljós og mun öll vinna sem lögð verður í tengslum við hann nýtast svæðinu vel á komandi árum.



Ljósmynd: EFTA Forum

Sveitarstjórnarvettvangur EFTA

Vettvangurinn tók til starfa árið 2010 til að gæta hagsmuna sveitarstjórnarstigsins í EES /EFTA ríkjunum gagnvart ESB. Í honum eiga sæti tólf kjörir fulltrúar á sveitarstjórnarstigi frá Noregi og Íslandi, sex frá hvoru landi, og tveir áheyrnarfulltrúar frá Sviss. Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg og landshlutasamtök sveitarfélaga tilnefna fulltrúa af hálfu Íslands. SSNV tekur þátt í starfi Sveitarstjórnarvettvangs EFTA 2014-2016.

Adolf H. Berndsen, formaður SSNV, er fulltrúi landshlutasamtakanna.

Vettvangurinn fundaði í ellefta sinn í Stange, í Noregi 11.-12. júní.

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, varaformaður SSNV, sat fundinn í forföllum formanns.

Helstu viðfangsefni fundarins voru frjáls för vinnuafis og fólksflutningar á EES svæðinu sem vettvangurinn ályktaði um. Einnig var fjallað um áhrif fríverslunarsamnings ESB og Bandaríkjanna, sem er í undirbúningi, og mat ESB á stöðu EES-samningsins.

Sveitarstjórnarvettvangur EFTA fundaði síðan í Brussel 16.-17. nóvember sl.

Adolf H. Berndsen sat fundinn. Helsta viðfangsefni fundarins var loftslagsráðstefnan í París (COP21) og hlutverk sveitarfélaga og aðgerðir til að stemma stigu við loftslagsbreytingum, sem vettvangurinn ályktaði um. Einnig var fjallað um fyrirhugaðan fríverslunarsamning ESB og Bandaríkjanna (TTIP), samningaviðræður um fjölþjóðlegan samning um þjónustuviðskipti (TISA) og flóttamannavandann í Evrópu.



Ljósmynd: SSNV

Árspaning SSNV

23. árspaning SSNV var haldið í Félagsheimilinu á Blönduósi 16. október 2015, í boði Blönduósbæjar. Auk skýrslu stjórnar var flutt starfsskýrsla Menningarráðs Norðurlands vestra. Gestir þingsins voru Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga og Einar Kristinn Guðfinnsson, alþingismaður Norðvesturkjördæmis og forseti Alþingis.

Atvinnumál og byggðaþróun var aðalþema þingsins og framsögumenn þar voru: Þóroddur Bjarnason, prófessor við Háskólann á Akureyri en hans erindi nefndist „Sóknarfæri Norðurlands, og Ingvar Skúlason, framkvæmdastjóri Klappa ehf., er flutti erindi um „Álver á Hafursstöðum í Skagabyggð“.

Á þinginu voru gerðar nokkrar breytingar á samþykktum og þingsköpum SSNV, samþykkt var að leggja niður Menningarráð Norðurlands vestra en skipa fagráð og úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra, í samræmi við samning um Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2015-2019. Þá voru skipaðir starfshópar til að endurskoða menningarstefnu sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og samþykktir og þingsköp SSNV. Opnuð var ný heimasíða fyrir SSNV. Einnig voru samþykktar fjölmargar ályktanir er snerta flest svið búsetu og mannlífs á svæðinu.

Að þingstörfum loknum bauð Blönduósbær til óvissuferðar í fyrirtæki á Blönduósi og síðan var hátíðarkvöldverður í félagsheimilinu.



Ljósma.: SSNV

Greinargerð úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs

Í starfsreglum úthlutunarnefndar segir svo í 1. lið: „7. Nefndin skal árlega skila greinargerð til ársþings SSNV um starf sitt.“ Hér á eftir fylgir því stutt yfirlit yfir starfsemina á árinu 2015.

Nefnd og fagrád o.fl.

Úthlutunarnefnd og fagrád Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra voru skipuð á fundi stjórnar SSNV, 31. mars 2015:

Úthlutunarnefnd: Stefán Vagn Stefánsson, formaður, Lárus Ægir Guðmundsson, Leó Örn Þorleifsson, Ingileif Oddsdóttir, Jóhanna Magnúsdóttir.

Fagrád menningar: Jóhanna Magnúsdóttir, formaður, Sigríður Svavarsdóttir, Guðbrandur Ægir Ásbjörnsson, Magnús Eðvaldsson, Adolf H. Berndsen.

Fagrád atvinnuþróunar og nýsköpunar: Leó Örn Þorleifsson, formaður, Elín Aradóttir, Gunnsteinn Björnsson, Guðmundur Haukur Jakobsson, Hólmfríður Sveinsdóttir.

Starfsmenn SSNV, Sólveig Olga Sigurðardóttir og Ingibergur Guðmundsson, störfuðu með fagráðunum og úthlutunarnefnd.

Á sama fundi samþykkti stjórn SSNV verklags- og úthlutunarreglur vegna fyrstu úthlutunar úr Uppbyggingarsjóði Norðurlands vestra. Áður hafði stjórnin ákveðið að 60 millj. kr. væru til úthlutunar sem skiptist jafnt á milli menningarmála og atvinnuþróunar og nýsköpunar.

Fundargerðir úthlutunarnefndar og fagráða er að finna á heimasíðu SSNV; <http://www.ssnv.is/is/uppbyggingarsjodur/fundargerdir-1>



Ljósma.: Óli Arnar Brynjásson

Framkvæmd

Um 20. mars var auglýst eftir umsóknum um styrki. Dreifibréf var sent inn á öll heimili og fyrirtæki á Norðurlandi vestra, auglýst var í öllum þremur sjónvarpsvísunum á svæðinu, í Héraðsfréttablaðinu Feyki og á rafrænu svæðismiðlunum þremur; feykir.is; huni.is; nordanatt.is og á heimasíðum flestra sveitarfélaganna. Þá var reglulega minnt á úthlutunina á svæðismiðlunum en einnig voru viðtalstímar tímar á svæðinu auglýstir sérstaklega. Auk þessa voru ýmsir svæðispóstlistar notaðir til að auglýsa og minna á. Umsóknarfrestur rann út 17. apríl. Þá voru starfsmenn SSNV með viðtalstíma á fimm stöðum á svæðinu.

Alls bárust 109 umsóknir þar sem óskað var eftir rúmum 187 milljónum í styrki. Umsóknirnar fóru fyrst til umfjöllunar í fagráðunum sem lögðu svo sínar tillögur fyrir úthlutunarnefnd. Á fundum úthlutunarnefndar 21. og 26. maí ákvað nefndin að úthluta 83 styrkjum til 70 aðila, alls að upphæð 65.450.000 kr. Styrkirin skiptust sem hér segir: a) 8 styrkir voru veittir í Stofn- og rekstrarstyrki á sviði menningarmála að upphæð 13,8 millj. kr. b) 61 styrkur var veittur til menningarverkefna að upphæð 21.650.000 kr. c) 14 styrkir voru veittir til atvinnuþróunar og nýsköpunar að upphæð 30 millj. kr.

Listi yfir styrkhafa og önnur atriði er snerta úthlutun styrkja er á heimasíðu SSNV; <http://www.ssnv.is/is/uppbyggingarsjodur>

Formleg úthlutun styrkja fór fram á Blönduósi 11. júní 2015, að viðstöddum rúmlega 100 manns, styrkþegum, forsvarsmönnum SSNV og fleirum.

Þegar þetta er ritað, í september 2016, er 15 styrkjum ólokið en búast má við að flestum þeirra ljúki fyrir nk. áramót. Tveir styrkir hafa verið afþakkaðir.



Ljós.: nordanatt.is

Ný nefnd og fagráð Uppbyggingarsjóðs

Á ársþingi SSNV, 16. október 2015, voru samþykktar starfsreglur fyrir úthlutunarnefnd og fagráð Uppbyggingarsjóðs. Einnig fór fram kjör í úthlutunarnefnd og fagráð til eins árs:

Úthlutunarnefnd:

Stefán Vagn Stefánsson, formaður, Lárus Ægir Guðmundsson, Ingileif Oddsdóttir, Leó Örn Þorleifsson og Jóhanna Magnúsdóttir.

Fagráð atvinnuþróunar og nýsköpunar:

Leó Örn Þorleifsson, formaður, Elín Aradóttir, Gunnsteinn Björnsson, Guðmundur Haukur Jakobsson og Hólmfríður Sveinsdóttir.

Fagráð menningar:

Jóhanna Magnúsdóttir, formaður, Sigríður Svavarsdóttir, Guðbrandur Ægir Ásbjörnsson, Guðmundur Haukur Sigurðsson og Magnús B. Jónsson.

Samtök sveitarfélaga
á Norðurlandi vestra
Ársreikningur 2015

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra
Höfðabraut 6
530 Hvammstangi

kt. 541292-2419

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar	8

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra


Samtökin nefnast Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, skammstafað SSVN. Rétt til aðildar eiga öll sveitarfélög á vestanverðu Norðurlandi sem ekki eru aðilar að öðrum landshlutasamtökum sveitarfélaga.

Hagnaður varð af rekstri samtakanna á árinu að fjárhæð 1.067 þús. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé samtakanna nam í árslok 142.452 þús. kr.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

Hvammstanga, 9 / 8 2016

Stjórn:


Handwritten signatures of the board members in blue ink. The signatures are: Adur H. Þurðarsson, Nafnlausur Þ. Þ. Þ. Þ., Ólafur V. Hilmarsen, and Sigríður Þauverdal.

Framkvæmdastjóri:


Handwritten signature of the managing director in blue ink.

Áritun óháðs endurskoðanda

Stjórn og aðildarsveitarfélög Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2015, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við lög um ársreikninga.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Sauðárkróki, 9 / 8 2016

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur árið 2015

	Skýr.	2015	Áætlun	2014
Rekstrartekjur:				
Framlag ríkissjóðs		118.341.336	114.537.902	143.376.020
Framlag sveitarfélaga		31.173.061	23.825.360	31.310.875
Framlag v. almenningsgangna		25.193.404	26.500.000	26.533.164
Þátttaka annarra í rekstri SSNV		1.175.000	1.250.000	1.800.000
Aðrar tekjur		2.115.761	5.050.000	32.908
		<u>177.998.562</u>	<u>171.163.262</u>	<u>203.052.967</u>
Rekstrargjöld:				
Laun og annar starfsmannakostnaður	2	53.415.045	64.319.050	66.028.321
Kostnaður vegna almenningsgangna		21.817.691	24.700.000	21.779.059
Styrkir vegna áhersluverkefna Sóknaráætlunar		13.659.990	0	10.573.429
Markaðs- og kynningarátak		0	25.000.000	0
Styrkveitingar		60.625.001	61.918.902	90.124.096
Stjórnunarkostnaður		31.542.860	25.332.500	34.831.596
		<u>181.060.587</u>	<u>201.270.452</u>	<u>223.336.501</u>
Rekstrartap fyrir fjármagnsliði		(3.062.025)	(30.107.190)	(20.283.534)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				
Vaxtatekjur		5.295.806	3.900.000	5.356.346
Fjármagnstekjuskattur		(1.048.565)	(760.000)	(1.070.179)
Vaxtagjöld		(118.343)	(130.000)	(258.143)
		<u>4.128.898</u>	<u>3.010.000</u>	<u>4.028.024</u>
Hagnaður (tap) ársins	3	<u>1.066.873</u>	<u>(27.097.190)</u>	<u>(16.255.510)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2015

	Skýr.	2015	2014
Eignir			
Eignarhlutir í félögum	1d	46.500	46.500
Fastafjármunir samtals		<u>46.500</u>	<u>46.500</u>
Krafa á tengda aðila		215.482	15.618.631
Viðskiptakröfur		9.440.292	54.742.322
Aðrar kröfur		212.556	665.444
Handbært fé		210.028.492	193.317.380
Veltufjármunir samtals		<u>219.896.822</u>	<u>264.343.777</u>
Eignir samtals		<u>219.943.322</u>	<u>264.390.277</u>
Eigið fé			
Eiginfjárreikningur		142.452.197	141.385.324
Eigið fé samtals	3	<u>142.452.197</u>	<u>141.385.324</u>
Skuldir			
Viðskiptaskuldir		1.162.098	1.623.550
Skuld við tengda aðila		1.928.293	24.230.173
Ógreiddir styrkir		69.342.219	87.148.605
Aðrar skammtímaskuldir		5.058.515	10.002.625
Skammtímaskuldir samtals		<u>77.491.125</u>	<u>123.004.953</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>219.943.322</u>	<u>264.390.277</u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2015

	Skýr.	2015	2014
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður (tap) ársins	3	1.066.873	(16.255.510)
		<u>1.066.873</u>	<u>(16.255.510)</u>
Breytingar rekstrartengda eigna og skulda:			
Veltufé frá rekstri		1.066.873	(16.255.510)
Skammtímakröfur, breyting		61.158.067	(29.000.879)
Skammtímaskuldir, breyting		(45.513.828)	43.574.597
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		<u>15.644.239</u>	<u>14.573.718</u>
Handbært fé frá (til) rekstri		<u>16.711.112</u>	<u>(1.681.792)</u>
Breyting á handbæru fé		16.711.112	(1.681.792)
Handbært fé í ársbyrjun		193.317.380	194.999.172
Handbært fé í lok ársins		<u>210.028.492</u>	<u>193.317.380</u>

Skýringar

1. Reikningskilaaðferðir

a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningskilaaðferðum og árið áður.

b. Innlausn tekna

Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær eru innleystar. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

c. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun SSSNV og ANVEST fyrir árið 2015 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og sundurliðunum.

d. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði. SSSNV á eignarhlut í Starfsendurhæfingu Norðurlands vestra að fjárhæð 46.500 kr.

2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2015	2014
Laun	43.347.838	49.826.188
Stjórnarlaun	4.762.329	5.884.696
Launatengd gjöld	9.711.068	10.266.284
Áfallið orlof, breyting	2.005.840	0
Annar starfsmannakostnaður	413.517	51.153
Starfslokagreiðslur, gjaldfærðar 2014	(6.825.547)	0
	<u>53.415.045</u>	<u>66.028.321</u>
Fjöldi starfsmanna að meðaltali	5,0	5,0

3. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Samtals
Eigið fé 1.1.2015	141.385.324
Rekstrarniðurstaða ársins	1.066.873
Staða 31.12.2015	<u>142.452.197</u>

Sundurliðanir rekstrarreiknings

	SSNV	SFNV	ANVEST	Menningsgj.	Vaxtarsamningur Sóknaráætlun	Millifærslur	2015	Áætlun	2014
Rekstrartekjur:									
Framlag ríkissjóðs	28.714.723	0	19.692.143	0	69.934.470	0	118.341.336	114.537.902	143.376.020
Framlag sveitarfélaga	3.754.062	0	19.999.999	0	7.419.000	0	31.173.061	23.825.360	31.310.875
Framlag v. almenningssamgangna	25.193.404	0	0	0	0	0	25.193.404	26.500.000	26.533.164
Þátttaka eigin sjóða í rekstri SSNV	4.400.000	0	0	0	0	(4.400.000)	0	0	0
Þátttaka annarra í rekstri SSNV	1.175.000	0	0	0	0	0	1.175.000	1.250.000	1.800.000
Aðrar tekjur	654.180	0	1.461.581	0	0	0	2.115.761	5.050.000	32.908
	<u>63.891.369</u>	<u>0</u>	<u>41.153.723</u>	<u>0</u>	<u>77.353.470</u>	<u>(4.400.000)</u>	<u>177.998.562</u>	<u>171.163.262</u>	<u>203.052.967</u>
Laun og annar starfsmannakostnaður:									
Laun	12.812.967	0	30.534.871	0	0	0	43.347.838	49.400.000	49.826.188
Laun stjórnar	4.078.320	0	0	104.230	579.779	0	4.762.329	3.700.000	5.884.696
Mótframlag í lífeyrissjóð	1.618.392	0	3.119.548	8.337	46.383	0	4.792.660	5.310.000	4.908.095
Tryggingagjald	1.457.981	0	2.522.595	9.144	70.705	0	4.060.425	4.191.050	4.397.764
Stéttarfélagsgjöld	136.450	0	720.644	134	755	0	857.983	1.593.000	960.425
Áfallið orlof, breyting	312.597	0	1.693.243	0	0	0	2.005.840	0	0
Annar starfsmannakostnaður	262.417	0	151.100	0	0	0	413.517	125.000	51.153
Starfslokagreiðslur, gjaldfærðar 2014	(900.000)	0	(5.925.547)	0	0	0	(6.825.547)	0	0
	<u>19.779.124</u>	<u>0</u>	<u>32.816.454</u>	<u>121.845</u>	<u>697.622</u>	<u>0</u>	<u>53.415.045</u>	<u>64.319.050</u>	<u>66.028.321</u>
Önnur gjöld í rekstrarreikningi:									
Kostnaður vegna almenningssamgangna	21.817.691	0	0	0	0	0	21.817.691	24.700.000	21.779.059
Styrkir vegna áhersluverkefna Sóknaráætlunar	0	0	0	0	13.659.990	0	13.659.990	0	10.573.429
Markaðs- og kynningarátak	0	0	0	0	0	0	0	25.000.000	0
Styrkveitingar	0	0	0	(4.825.000)	65.450.001	0	60.625.001	61.918.902	90.124.096
	<u>21.817.691</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>(4.825.000)</u>	<u>79.109.991</u>	<u>0</u>	<u>96.102.682</u>	<u>111.618.902</u>	<u>122.476.584</u>

Sundurliðanir rekstrarreiknings

	SSNV	SFNV	ANVEST	Menningsgj.	Vaxtarsamningur	Millifærslur	2015	Áætlun	2014
Stjórnunarkostnaður:									
Bifreiðastyrkur	1.087.368	0	25.172	9.512	317.840	0	1.439.892	1.400.000	3.245.680
Dagpeningar	1.712.390	0	628.919	0	0	0	2.341.309	2.700.000	2.766.590
Kostnaður vegna verkfæra	3.945.753	0	105.664	0	0	0	4.051.417	3.622.500	5.322.374
Bifreiðakostnaður	2.065.994	0	1.578.715	7.145	0	0	3.651.854	3.460.000	2.947.369
Húsaleiga	1.670.415	0	740.329	0	0	0	2.410.744	1.650.000	1.746.201
Sameign, ræsting og viðhald	513.707	0	286.198	0	0	0	799.905	460.000	408.275
Hlutdeild í sameinginglegum kostnaði SSNV	0	0	4.400.000	0	0	(4.400.000)	0	0	0
Sérfræðiaðstoð	2.617.399	0	251.417	137.610	200.475	0	3.206.901	1.320.000	5.819.242
Rekstur tölvukerfis og netþjónusta	3.973.619	0	243.334	0	0	0	4.216.953	4.200.000	2.865.528
Gjaldfærðir rekstrarfjármunir	624.282	0	0	0	0	0	624.282	0	163.988
Sími og áskriftargjöld	1.209.999	0	1.116.293	30.318	0	0	2.356.610	1.510.000	1.621.502
Pappír, prentun og ritföng	266.382	0	124.786	48.327	0	0	439.495	385.000	881.985
Skrifstofubúnaður og viðhald skrifstofubúnaðar	0	0	85.824	0	0	0	85.824	250.000	169.323
Kostnaður við ársskýrslu	358.155	0	0	0	0	0	358.155	0	625.170
Póstburðargjöld	97.767	0	0	2.642	0	0	100.409	140.000	146.138
Auglýsingar	931.510	0	393.599	0	15.897	0	1.341.006	800.000	2.007.127
Fundir, námskeið og ferðakostnaður	2.510.282	0	974.965	159.525	20.430	0	3.665.202	2.645.000	2.804.211
Ábyrgðartryggingar	171.176	0	0	0	0	0	171.176	180.000	165.794
Bækur, tímarit og blöð	45.751	0	0	13.798	0	0	59.549	100.000	62.829
Styrkir og framlög	102.543	0	36.210	0	0	0	138.753	120.000	307.230
Annar kostnaður	68.612	0	14.812	0	0	0	83.424	390.000	755.040
	<u>23.973.104</u>	<u>0</u>	<u>11.006.237</u>	<u>408.877</u>	<u>554.642</u>	<u>(4.400.000)</u>	<u>31.542.860</u>	<u>25.332.500</u>	<u>34.831.596</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	(1.678.550)	0	(2.668.968)	4.294.278	(3.008.785)	0	(3.062.025)	(30.107.190)	(20.283.534)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:									
Vaxtatekjur	1.755.566	0	1.508.733	500.559	1.530.947	0	5.295.805	3.900.000	5.356.346
Fjármagnstekjuskattur	(340.527)	0	(301.742)	(100.109)	(306.187)	0	(1.048.565)	(760.000)	(1.070.179)
Vaxtagjöld	(78.818)	0	(24.360)	(6.975)	(8.189)	0	(118.342)	(130.000)	(258.143)
	<u>1.336.221</u>	<u>0</u>	<u>1.182.631</u>	<u>393.475</u>	<u>1.216.571</u>	<u>0</u>	<u>4.128.898</u>	<u>3.010.000</u>	<u>4.028.024</u>
Hagnaður (tap) ársins	(342.329)	0	(1.486.337)	4.687.753	(1.792.214)	0	1.066.873	(27.097.190)	(16.255.510)

Sundurliðanir efnahagsreiknings

	SSNV	SFNV	ANVEST	Menningarsj.	Vaxtarsamningur Sóknaráætlun	Millifærslur	2015	2014
Fastafjármunir								
Eignarhlutir í félögum	46.500	0	0	0	0	0	46.500	46.500
	<u>46.500</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>46.500</u>	<u>46.500</u>
Veltufjármunir								
Kröfur á tengda aðila	6.572.087	215.482	0	0	4.400.000	(10.972.087)	215.482	15.618.631
Viðskiptakröfur	8.837.097	0	603.195	0	0	0	9.440.292	54.742.322
Aðrar kröfur	211.289	0	1.267	0	0	0	212.556	665.444
Handbært fé	41.560.809	65.034.176	40.489.216	13.831.945	49.112.346	0	210.028.492	193.317.380
	<u>57.181.282</u>	<u>65.249.658</u>	<u>41.093.678</u>	<u>13.831.945</u>	<u>53.512.346</u>	<u>(10.972.087)</u>	<u>219.896.822</u>	<u>264.343.777</u>
Eignir samtals	<u>57.227.782</u>	<u>65.249.658</u>	<u>41.093.678</u>	<u>13.831.945</u>	<u>53.512.346</u>	<u>(10.972.087)</u>	<u>219.943.322</u>	<u>264.390.277</u>
Eigið fé								
Staða 1.1.	52.276.546	65.249.658	33.617.834	4.744.192	(14.502.906)	0	141.385.324	157.640.836
Hagnaður (tap) ársins	(342.329)	0	(1.486.337)	4.687.753	(1.792.214)	0	1.066.873	(16.255.512)
Eigið fé 31.12.	<u>51.934.217</u>	<u>65.249.658</u>	<u>32.131.497</u>	<u>9.431.945</u>	<u>(16.295.120)</u>	<u>0</u>	<u>142.452.197</u>	<u>141.385.324</u>
Skammtímaskuldir								
Viðskiptaskuldir	0	0	1.162.098	0	0	0	1.162.098	1.623.550
Skuld við tengda aðila	1.928.291	0	6.106.842	4.400.000	465.247	(10.972.087)	1.928.293	24.230.173
Ógreiddir styrkir	0	0	0	0	69.342.219	0	69.342.219	87.148.605
Aðrar skammtímaskuldir	3.365.274	0	1.693.241	0	0	0	5.058.515	10.002.625
	<u>5.293.565</u>	<u>0</u>	<u>8.962.181</u>	<u>4.400.000</u>	<u>69.807.466</u>	<u>(10.972.087)</u>	<u>77.491.125</u>	<u>123.004.953</u>
Eigið fé og skuldir samtals	<u>57.227.782</u>	<u>65.249.658</u>	<u>41.093.678</u>	<u>13.831.945</u>	<u>53.512.346</u>	<u>(10.972.087)</u>	<u>219.943.322</u>	<u>264.390.277</u>